



Þekkingarsetur
Þingeyinga

ÁRSSKÝRSLA 2006

Maí 2007

Maí 2007

Þekkingarsetur Þingeyinga

Forsíðumyndir:

Óli Halldórsson
Guðrún Kristín Jóhannsdóttir

Ábyrgð:

Þekkingarsetur Þingeyinga
Óli Halldórsson

INNGANGUR.....	1
STJÓRN OG STARFSFÓLK.....	2
SKIPULAG OG STARFSEMI	4
SÍMENNTUN	5
HÁSKÓLANÁM.....	7
RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN.....	8

INNANGANGUR

Á árinu 2006 voru stofnanirnar Þekkingarsetur Þingeyinga og Fræðslumiðstöð Þingeyinga sameinaðar undir nafni þeirrar fyrrnefndu. Með þessari sameiningu rann starfsemi þessara tveggja stofnana saman endalega og með formlegum hætti, en þær höfðu áður verið samreknar undir sama þaki frá árinu 2005.

2. júní 2006 var undirritaður samningur milli menntamálaráðherra og hinnar nýsameinuðu stofnunar, Þekkingarseturs Þingeyinga, um regluleg fjárframlög til 5 ára og ákveðnar skyldur Þekkingarsetursins á þeim tíma. Í markmiðslýsingu samningsins kemur eftirfarandi fram:

Þekkingarsetur Þingeyinga skal á samningstímanum vinna að eftirfarandi markmiðum:

- Að efla byggð í Þingeyjarsýslum með símenntun, þjónustu á sviði háskólamenntunar og með rannsóknarstarfi.
- Að vera miðstöð símenntunar og fullorðinsfræðslu í Þingeyjarsýslum og bjóða nám er tengist atvinnulífi og tómstundum. Jafnframt að veita námsráðgjöf og hafa milligöngu um framboð á fjarnámi.
- Að starfrækja háskólanámssetur með tilheyrandi búnaði og vinna með viðurkenndum háskólum að bættri þjónustu við hákólanema.
- Að vera miðstöð rannsóknarstarfs í Þingeyjarsýslum og treysta samstarf þeirra er stunda rannsóknir í héraðinu.

*Samningur menntamálaráðuneytis og Þekkingarseturs
Þingeyinga, dags. 2. júní 2006. 1. gr.*

Í þessari ársskýrslu eru upplýsingar um starfsemi Þekkingarsetursins á árinu 2006. Fjallað er um starfsemi beggja stofnana eins og um eina stofnun sé að ræða, þótt formleg sameining hafi ekki tekið gildi fyrr en um mitt ár 2006. Stofnanirnar voru bókfærðar sameiginlega strax frá áramótum 2006 að ráðleggingu fagaðila. Í þessari skýrslu er þó ekki fjallað um fjárhag ársins og vísast til ársreiknings 2006 hvað það varðar.



Óli Halldórsson

Forstöðumaður

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Stjórn

Eftir sameiningu um mitt ár 2006 var skipuð ný 8 manna stjórn samkvæmt skipulagsskrá. Stjórnarfolk er tilnefnt til 2 ára í senn og sér tilnefningaraðili um að skipa varamann ef stjórnarmaður fellur úr stjórn.

Stjórnina skipuðu eftirfarandi aðilar um mitt ár 2006:

Stjórn Þekkingarseturs Þingeyinga (sameinuð stofnun):

Stéttarfélag í Þingeyjarsýslum:	Aðalsteinn Árni Baldursson
Húsavíkurbær:	Erla Sigurðardóttir
Héraðsnefnd Þingeyinga:	Jón Helgi Björnsson
Rannsóknastofnanir innan ÞÞ:	Böðvar Pétursson (Náttúrustofu NA)
Háskóli Íslands:	Rögnvaldur Ólafsson
Háskólinn á Akureyri:	Eyjólfur Guðmundsson
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga:	Tryggvi Finnsson
Framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum:	Gunnar Baldursson

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar sameinaðrar stofnunar var skipað framkvæmdaráð, sem samanstendur af þremur stjórnarmönnum.

Framkvæmdaráð Þekkingarseturs Þingeyinga:

Aðalsteinn Árni Baldursson
Erla Sigurðardóttir
Gunnar Baldursson

Fyrir sameiningu um mitt ár 2006 voru stjórnir stofnananna tveggja, Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga og Þekkingarseturs Þingeyinga (eldri) skipaðar með eftirfarandi hætti:

Stjórn Þekkingarseturs Þingeyinga (eldri):

Húsavíkurbær:	Aðalsteinn Árni Baldursson
Héraðsnefnd Þingeyinga:	Jóhann Guðni Reynisson
Fræðslumiðstöð Þingeyinga:	Erla Sigurðardóttir
Náttúrustofa Norðausturlands:	Böðvar Pétursson
Háskóli Íslands:	Rögnvaldur Ólafsson
Háskólinn á Akureyri:	Björn Gunnarsson

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga:

Húsavíkurbær:	Erla Sigurðardóttir
Héraðsnefnd Þingeyinga:	Guðný Hrunn Karlsdóttir
Framhaldsskólinn á Laugum:	Hallur Birkir Reynisson
Framhaldsskólinn á Húsavík:	Gunnar Baldursson
Atvinnustarfsemi/atv.rekendur:	Olga Gísladóttir
Stéttarfélag í Þingeyjarsýslum:	Aðalsteinn Árni Baldursson
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga:	Tryggvi Finnsson

Starfsfólk

Á árinu 2006 störfuðu 3-8 starfsmenn eftir árstíma. Á heilsársvísu voru stöðugildi ársins um 4, þ.e. forstöðumaður, verkefnastjóri símenntunar, náms- og starfsráðgjafi og þjónustufulltrúi. Auk þeirra var starfandi sumarstarfsmaður í júní, júlí og ágúst. Þá eru ótalin tímabundin störf við kennslu, námskeiðaumsjóna og rannsóknastörf, en þekkingarsetrið ræður ár hvert rannsóknafólk og nokkurn fjölda kennara til verktakavinnu við námskeiðakennslu og tímabundin rannsókn- eða þróunarverkefni.



Óli Halldórsson
forstöðumaður



Guðrún Kristín Jóhannsdóttir
Verkefnastjóri símenntunar



Helena Eydís Ingólfssdóttir
Náms- og starfsráðgjafi




Guðrún Ósk Brynjarsdóttir
Þjónustufulltrúi



Ari Páll Pálsson
Sumarstarfsmaður


SKIPULAG OG STARFSEMI

Á árinu 2006 var samþykkt eftirfarandi skipurit fyrir Þekkingarsetur Þingeyinga:



Ný stjórn sameinaðrar stofnunar kom saman 3 sinnum á árinu 2006. Gert er ráð fyrir því að fullskipuð stjórn komi saman 3-4 sinnum á ári til funda, auk síma- og tölvusamskipta. Framkvæmdaráð starfar í umboði stjórnar og kom saman 2 sinnum frá miðju ári 2006. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdaráð fundi á milli stjórnarfunda eftir þörfum, eða alls u.þ.b. 3-6 sinnum á ári.

Á árinu 2006 fór að þrengja töluvert að starfsemi Þekkingarsetursins í núverandi húsnæði og er orðið ljóst að á komandi ári þarf að huga að flutningi í stærra húsnæði.



Húsnæði Þekkingarseturs Þingeyinga á 2. hæð við Garðarsbraut 19 á Húsavík.


SÍMENNTUN

Námsframboð


Eftir sameiningu Þekkingarsetursins og Fræþings á árinu 2006 var lögð sérstök áhersla á að byggja upp og bjóða stærri námsleiðir og auka um leið samstarf við vinnustaði og bakhjarla s.s. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þrátt fyrir aukna áherslu á stærri námsleiðir hafði Þekkingarsetrið töluvert framboð starfsetengdra námskeiða, tómstunda-, tungumála- og tölvunámskeiða.

Að neðan eru helstu tölur frá námskeiðahaldi á árinu 2006. Til samanburðar eru birtar tölur frá árinu 2005. Rétt er að nefna sérstaklega að nemendastundir á árinu 2005 voru óvenjulega margar sökum þess að á því ári var rekin umfangsmikil námsleið, "Fiskur og ferðaþjónusta", í tilraunaskyni með stuðningi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Gera má ráð fyrir nokkurri aukningu á nemendastundum aftur á árinu 2007 þar sem fleiri stórar námsleiðir verða komnar til framkvæmda á því ári.¹

	2006	2005
Vorönn		
Fjöldi námskeiða	18	24
Þátttakendur	222	160
Nemendastundir	2618	5769
Fjöldi námskeiða kennd í staðkennslu	18	22
Fjöldi námskeiða kennd í fjarnámi frá þþ	0	0
Fjöldi námskeiða kennd í fjarnámi frá öðrum	0	2



	2006	2005
Haustönn		
Fjöldi námskeiða	14	15
Þátttakendur	142	130
Nemendastundir	3817	9364
Fjöldi námskeiða kennd í staðkennslu	13	9
Fjöldi námskeiða kennd í fjarnámi frá þþ	0	0
Fjöldi námskeiða kennd í fjarnámi frá öðrum	1	6



Mikil aukning varð haustið 2006 á námsframboði fyrir nýbúa. Á myndinni eru Pólverjar á íslenskunámskeiði.



Ýmis tómstundanámskeið voru haldin á árinu 2006 og sótti þau fólk á öllum aldri. Á myndinni eru þátttakendur á Tapas-matreiðslunámskeiði.

¹ Fiskur og ferðaþjónusta er 300 stunda námsleið á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Náms- og starfsráðgjöf

Þekkingarsetrið gerði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um fjárstuðning til náms- og starfsráðgjafar fyrir ófaglærðra á vinnumarkaði. Um er að ræða fjármagn sem samið hefur verið um í kjarasamningum að renni til þessa verkefnis á landsvísu skv. ákveðinni reiknireglu sem tekur m.a. mið af stærð markhópsins á svæðinu.

Helena Eydís Ingólfsdóttir náms- og starfsráðgjafi var ráðinn til starfa þann 1. ágúst 2006 og starfaði frá þeim tíma við ráðgjöf. Ráðgjafinn var ráðinn í 50% starfshlutfall, en fjármagn til verkefnisins náði þó ekki til nema 35% starfshlutfalls. Ráðgjafarvinnan gekk vel á þessum stutta tíma sem til umræða var (1. ágúst-31. des.). Ráðgjafi Þekkingarsetursins tók 55 einstaklingsviðtöl á árinu og hélt kynningafundi í fyrirtækjum og stofnunum.



Jólasmíðja Þekkingarsetursins og Verkalýðsfélags Húsavíkur nefnist árleg námskeiðaröð á aðventunni, sem felur í sér nokkur stutt tómstundanámskeið tengd aðventu og jólum.



Færanlegt fartölvuver Þekkingarsetursins var nýtt víða um sýslu til námskeiðahalds. Myndin er tekin á kaffistofu fiskverkafólks á Raufarhöfn í viku símenntunar.

HÁSKÓLANÁM

Námsver og þjónusta

Háskólanámsver þekkingarsetursins á Húsavík var vel nýtt á árinu 2006. Því fyrirkomulagi var haldið að bjóða háskólanuenum upp á sólarhringsaðgengi að vinnuaðstöðu þekkingarsetursins. Gerðar voru breytingar á lesrýminu í upphafi árs sem miðuðu að því að nýta húsnæði þekkingarsetursins enn betur. Lesrými var flutt á milli herbergja innanhúss eftir að ákveðið var að leggja af gestaíbúð innan þekkingarsetursins til að bæta nýtingu húsnæðisins. Aðstaða innan háskólanámsversins var einnig bætt töluvert með tækjakaupum. Netsamband var bætt með þráðlausum sendum og raftenglar settir að hverju vinnuborði háskólanema. Ljósritunarvél með prentunarmöguleika var keypt og prentnotkun háskólanema færð á hana að mestu leyti.

Þekkingarsetrið hélt þeirri stefnu sinni að taka ekki gjald af háskólanumum fyrir notkun lesrýmis og vinnuaðstöðu utan kostnaðargjalds fyrir prentun og ljósritun.


Háskólanámsverið og -þjónustan hafa reynst afar mikilvægur þáttur í starfsemi þekkingarsetursins í samfélaginu. Nokkur dæmi eru þegar orðin um það að tilvist háskólanámsversins og þjónustunnar við háskólanema hafi haft bein áhrif á ákvarðanir fólks um að halda búsetu í heimahéraði þrátt fyrir að nám sé sótt við háskóla landsins.

Háskólakennsla

Á árinu 2006 tók forstöðumaður að sér stundakennslu á sérsviði sínu við Háskólinn á Akureyri. Um er að ræða fasta kennslu og umsjón með námskeiði sem kennt er á haustin um mat á umhverfisáhrifum og skipulag. Á vormisseri 2006 tók forstöðumaður einnig að sér kennslu og umsjón hluta af námskeiði innan félagsvísinda- og lagadeildar H.A. Tekjur af þessari kennslu renna beint til þekkingarsetursins.



Þekkingarsetrið veitir háskólanumum aðgang að fartölvuveri sínu effir atvikum. Tölvurnar eru ýmist lánaðar út eða nýttar innan þekkingarsetursins. Einnig nýttist tölvuverið til próftöku fjarnema.



Í ársbyrjun 2006 var lesrými háskólanema fært milli enda innan húsnæðis þekkingarsetursins. Um leið var aðstaða bætt, t.a.m. með tækjabúnað og nettengingar.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Rannsókn- og þróunarstarfsemi Þekkingarsetursins fólst í meginatriðum í þremur þáttum á árinu 2006;

- Rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema
- Rannsókn-, þróunar- og/eða ráðgjafarvinnu forstöðumanns
- Samstarfi við ýmis stærri þróunar- og rannsóknaverkefni

Rannsóknaverkefni háskólanema

Á árinu 2006 var leitað eftir samstarfi við um rannsókn- og þróunarverkefni. Hvatningarpóstar voru sendir á póstlista þingeyskra háskólanema og annarra leiða leitað til að ná til þess hóps. Markmiðið var að efniviður slíkra verkefna tengist héraðinu og/eða þau verði unnin af háskólanemum úr héraði.

Á árinu 2006 voru unnin 3 verkefni af háskólanemum á vegum Þekkingarsetursins. Öll verkefni voru fjármögnuð utan frá með styrkjum. Hverju og einu þessara verkefna er stuttlega lýst á afriti af veggspjaldi á næstu síðu.



Frá samkomu á Raufarhöfn í tilefni af fyrstu skóflustungu „Heimskautsgerðis“. Þekkingarsetrið sá um gerð greinargerðar um verkefnið á árinu 2005 í samstarfi við háskólanema. Á myndinni er Birkir Jón Jónsson alþingismaður í pontu.

Rannsókn-, þróunar- og ráðgjafarverkefni

Á árinu 2006 var leitað til Þekkingarsetursins um nokkur þróunar-, rannsókn- og ráðgjafarverkefni. Sum þeirra hafði Þekkingarsetrið forgöngu um. Þessi verkefni voru unnin af forstöðumanni, að hluta til í útseldri vinnu:

- *Úttekt á mati á umhverfisáhrifum framkvæmda:* Rannsóknarvinnu með Skipulagsstofnun sem hófst árið 2005 lauk á árinu 2006 með útgáfu skýrslu og kynningu á ráðstefnu Vegagerðarinnar í Rvk.
- *Undirbúningur að stofnun rannsóknaseturs í sjávarspendýrafræðum innan veggja Þekkingarsetursins:* Samstarf við Háskóla Íslands og Náttúrustofu Norðausturlands um kynningu, fjáröflun og útfærslu verkefnisins. Greinargerð um verkefnið var m.a. skrifuð og útgefin af Þekkingarsetrinu og Náttúrustofu Norðausturlands.
- *Ráðgjafarvinna við mat á umhverfisáhrifum:* Ráðgjafarvinna fyrir Vegagerðina við matsskýrslugerð.

Samstarfsverkefni

Á árinu 2006 átti Þekkingarsetrið aðkomu að ýmsum rannsókn- og þróunarverkefnum í samstarfi við aðra.

- Ýmis byggðatengd verkefni með Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga: M.a. staðið sameiginlega að ráðstefnu í Skúlagarði í Kelduhverfi í febrúarmánuði þar sem fjallað var um atvinnu- og auðlindamál á svæðinu.
- Samstarf af ýmsu tagi við Náttúrustofu Norðausturlands, rannsókn- og háskólasetur og símenntunarmiðstöðvar á landinu.
- Hýsing og aðstoð við rannsakendur víðs vegar að sem stunda rannsóknir sínar í Þingeyjarsýslum.



Á árinu kom Þekkingarsetrið að þróunarverkefninu „Laxárskóli“ í samvinnu við Náttúrustofu Norðausturlands, grunnskóla í héraðinu og frumkvöðul verkefnisins, Hermann Bárðarson. Á myndinni er nemendahópur úr Borgarhólsskóla á Húsavík og Hafralækjarskóla í Aðaldal við Hraunsrétt við Laxá.



Á myndinni eru jarðfræðingar á vegum Veðurstofu Íslands og Institute of Geophysics ETH frá Zürich í Sviss staddir í Grímsey við uppsetningu staðsetningatækja til mælinga á jarðskjálfta og jarðskorpuhreyfinga. Þeir nýttu þjónustu Þekkingarsetursins og höfðu vinnuaðstöðu á Þekkingarsetrinu á meðan dvöl þeirra stóð sumarið 2006.



Starfsemi

Þekkingarsetur
Þingeyinga

Starfsemi innan setursins

árið 2006

Þekkingarsetur Þingeyinga

Miðstöð símenntunar, háskólanáms- og rannsóknna. Sjálfseignarstofnun með aðsetur á Húsavík. Á árinu 2006 sameinuðust háskólanáms- og rannsóknasetrið Þekkingarsetur Þingeyinga og símenntunarmiðstöðin Fræðslumiðstöð Þingeyinga (Fræþing) í eina stofnun undir nafni Þekkingarsetursins.

•Óli Halldórsson

M.A. umhverfisfr. - B.A. heimspeki - kennari
Verkefni: Forstöðumaður



•Guðrún Kristín Jóhannsdóttir

Dipl. í menntunarfræðum, kennari
Verkefni: Verkefnastjóri á símenntunarsviði



•Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Verkefni: Þjónustufulltrúi
Afgreiðsla, skrifstofustörf, húsumsjón.



•Helena Eydis Ingólfsdóttir

B.Ed. kennari
Verkefni: Náms- og starfsráðgjöf í hlutastarfi.



•Ari Páll Pálsson

B.A. mannfræðingur
Verkefni: Rannsóknastörf, afleysingar sumar og haust 2006.



Sjálfstæð rannsóknarverkefni

í samstarfi við Þekkingarsetrið

•Linda Margrét Sigurðardóttir

B.S. viðskiptafræðingur
Rannsókn: Efnahagsleg áhrif Þjóðgarðsins við Jökulsárgljúfur
Tengsl setursins: Vinnuaðstaða sumarið 2006. Verkefnisumsjón, styrköflun



•Freyr Ingólfsson

M.S. nemi í verkfræði
Rannsókn: Nýting varmaorku úr sorpbrennslu Sorpsamlags Þingeyinga
Samstarf við setrið: Vinnuaðstaða sumarið 2006. Styrköflun



•Haraldur Reinhardsson

B.A. nemi í hagþróunar- og byggðfræðum
Rannsókn: Efnahagsleg og samfélagsleg áhrif Vaðlaheiðargangna
Samstarf við setrið: Vinnuaðstaða sumarið 2006. Leiðbeining, styrköflun



Háskólanámssetur

Þekkingarsetur Þingeyinga rekur háskólanámssetur með vinnuaðstöðu fyrir nema. Mikil og vaxandi nýting hefur verið á aðstöðu setursins frá upphafi.

Náttúrustofa Norðausturlands

Margvísleg rannsóknarverkefni á sviði náttúrufræða sem tengjast náttúru Norðausturlands. Náttúrustofan er rekin af Húsavíkurbæ og Skútustaðahreppi með fjárframlagi úr ríkissjóði samkvæmt lögum þar um.

•Þorkell Lindberg Þórarinnsson

M.S./B.S. líffræðingur
Verkefni: Forstöðumaður



•Sesselja G. Sigurðardóttir

B.S. líffræðingur
•Verkefni: Sérfræðingur Rannsóknastofa, skýrsluvinna



•Aðalsteinn Örn Snæþórsson

B.S. líffræðingur, kennari
Verkefni: Sérfræðingur Rannsóknir, fræðsla



•Björgvin R. Leifsson

M.S. sjávarlíffræðingur
Verkefni: Sérfræðingur í hlutastarfi. Rannsóknastofa, greiningar



•Theodóra Matthíasdóttir

B.A. ferðamálafræðingur, B.S. jarðfræðinemi
Verkefni: Sérfræðingur í sumarstarfi. Skýrsluvinna



•Björgvin Friðbjarnarson

Nemi við Framhaldsskólann á Húsavík
Verkefni: Aðstoðarmaður í sumarstarfi. Aðstoð við rannsóknavinnu



Stofnanir og önnur starfsemi

innan veggja Þekkingarsetursins

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Heilbrigðisfulltrúi með starfssvæði í Þingeyjarsýslum
Mjólkurfræðingur

•Þorkell Björnsson

Staða: Heilbrigðisfulltrúi
Samstarf við setrið: Leiga á vinnuaðstöðu



Virkjum alla, rafrænt samfélag

Þróunarverkefni Aðaldælahrepps, Norðurlands og Þingeyjarsveitar.

•Susan Martin

MBA, rekstrarfræðingur
Staða: Verkefnisstjóri
Samstarf við setrið: Leiga á vinnuaðstöðu



Gestarannsakendur

Rannsókn- og fræðafólk nýtir sér í töluverðum mæli þjónustu stofnananna á ferðum sínum. Vinnuaðstaða, aðstoð við rannsóknir og lán á tækjum og búnaði er meðal þess sem Þekkingarsetrið og Náttúrustofan hafa boðið rannsóknafólki.